

# 302 Slysa- og sjúkratrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### ALMENNIR SKILMÁLAR

#### 1. Lög um váttryggingarsamninga, hugtök og valkvæðir þættir váttryggingarinnar.

- 1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um váttryggingarsamninga nr. (númer) 30/2004.
- 1.2 Í I. og II. kafla í váttryggingarskilmálum þessum eru hugtökin félagið (TM tryggingar hf.), váttryggingartaki og váttryggður notuð í sömu merkingu og í II. hluta laga um váttryggingarsamninga, sbr. (samanber) 62. gr. (grein) laganna. Í III. og IV. kafla í váttryggingarskilmálum þessum eru hugtökin félagið (TM tryggingar hf.), váttryggingartaki og váttryggður notuð í sömu merkingu og í I. hluta laganna, sbr. 2. gr. þeirra.
- 1.3 Váttrygging þessi skiptist í fjóra hluta sem allir eru valkvæðir og innan hvers hluta eru þættir sem váttryggingartaki velur í váttryggingarumsókn. Á váttryggingarskírteini kemur fram hvaða hlutar og þættir eru valdir og hverjir ekki. Hlutar váttryggingarinnar eru:
  - I. Slysavernd.
  - II. Sjúkravernd.
  - III. Rekstrarstöðvunatrygging vegna slysa eða sjúkdóma.
  - IV. Staðgengilslaunatrygging vegna slysa eða sjúkdóma.

#### 2. Gildistími, uppsögn og greiðsla iðgjalds.

- 2.1 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) 3. mgr. (málgrein). Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.
- 2.2 Nú hefur orðið váttryggingaratburður, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst. Er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.
- 2.3 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 2.4 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 3. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 2.5 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 4. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 2.6 Tilkynning um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 2.7 Falli váttrygging niður skv. 4. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 2.8 Váttrygging til skemmri tíma en árs endurnýjast ekki nema eftir umsókn.
- 2.9 Uppsögn skal vera skrifleg.
- 2.10 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

#### 3. Hvar váttryggingin gildir.

- 3.1 Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum, sbr. þó 4. gr.

# 302 Slysa- og sjúkratrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 4. Áhættubreyting.

- 4.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna tekur m.a. (meðal annars) mið af starfi váttryggðs eins og það er tilgreint í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og að hann dveljist ekki erlendis í meira en hálf t. ár í senn. Verði breytingar á aðstæðum váttryggðs að þessu leyti eða öðrum aðstæðum, sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og iðgjaldið tekur mið af, ber honum að tilkynna það til félagsins þegar í stað. Hefur félagið rétt til að hækka iðgjaldið frá þeim tíma er áhættubreytingin varð.
- 4.2 Hafi félaginu ekki borist tilkynning samkvæmt 1. mgr. í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir breytinguna og leiði vanrækslan til þess að iðgjaldið verður ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega fyrir sérhvern váttryggingaratburð.

### 5. Svik og rangar upplýsingar.

- 5.1 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. ákvæði laga um váttryggingarsamninga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu enn fremur rétt til að segja váttryggingunni upp skv. ákvæðum laganna.
- 5.2 Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan eins og nánar greinir í lögum um váttryggingarsamninga.

### 6. Takmarkanir á bótaskyldu.

- 6.1 Félagið bætir ekki:
  - a. slys eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,
  - b. slys eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgoss, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara,
  - c. slys eða sjúkdóma er váttryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði,
  - d. slys eða sjúkdóma sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms,
  - e. slys eða sjúkdóma sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu nautnalyfja,
  - f. slys eða sjúkdóma vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka,
  - g. hvers konar tjón, beint eða óbeint, sem rekja má til asbests.
- 6.2 Valdi váttryggður váttryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fer um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í lögum um váttryggingarsamninga.

### 7. Ráðstafanir vegna slysa eða sjúkdóma.

- 7.1 Váttryggður skal leita læknis strax eftir að slys eða sjúkdóm hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- 7.2 Tilkynna skal slys og sjúkdóma þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 7.3 Valdi slys eða sjúkdómur dauða skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er.
- 7.4 Félagið hefur rétt til þess að láta fara fram krufningu á líki hins látna.
- 7.5 Þegar sjúkdóm eða slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta lækni skoða váttryggðan, svo og afla sér upplýsinga um fyrri heilsufar hans.
- 7.6 Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyss eða sjúkdóms skal senda félaginu læknisvottorð. Félagið aflar þá mats á afleiðingum slyss eða sjúkdóms í samráði við váttryggðan. Slíkt mat skal jafnan lagt til grundvallar við ákvörðun bóta úr váttryggingunni.
- 7.7 Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

# 302 Slysa- og sjúkratrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 8. Greiðsla bóta og vextir.

- 8.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. lögum um váttryggingarsamninga.

### 9. Fyrning.

- 9.1 Kröfur sem falla undir váttryggingu þessa fyrnast samkvæmt ákvæðum laga um váttryggingarsamninga og eftir atvikum laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

### 10. Vísitölubinding váttryggingarfjárhæða og iðgjalds.

- 10.1 Váttryggingarfjárhæðir þær sem greindar eru í skírteini eða endurnýjunarkvittun breytast fyrsta dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu þá sem greind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Ef iðgjald greiðist á fleiri gjalddögum en einum skal iðgjald á öðrum og síðari gjalddögum breytast á sama hátt í hlutfalli við vísitöluna.

### 11. Vísitölubinding bótafjárhæða.

- 11.1 Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils en breytast með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og nánar greinir í 2.-4. mgr.
- 11.2 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til dánardags.
- 11.3 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils.
- 11.4 Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils til uppgjörsdags.

### 12. Breyting á vísitölugrundvelli.

- 12.1 Verði breyting á grundvelli vísitölu neysluverðs til verðtryggingar skal fara að fyrirmælum Hagstofu Íslands um tengingu vísitölu skv. nýjum grundvelli við vísitölu skv. eldri grundvelli.

### 13. Lög um váttryggingarsamninga, lausn ágreiningsmála o.fl. (og fleira).

- 13.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 13.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 13.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 13.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## I. KAFLI – SLYSAVERND

### 14. Váttryggingarsvið.

- 14.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss sem váttryggður verður fyrir eins og segir í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum.
- 14.2 Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.
- 14.3 Við meiðsli á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Útlimir eru samkvæmt skilmálum þessum griplimir, frá axlarlið að telja, og ganglimir frá mjaðmarlið.

## 302 Slysa- og sjúkratrygging

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

14.4 Slysaverndin skiptist í tvo þætti. Annars vegar atvinnuslysabátt, sbr. 17. gr., og hins vegar frítímaslysabátt, sbr. 18. gr. Unnt er að velja hvorn þátt fyrir sig eða báða.

#### 15. Takmarkanir á bótaskyldu vegna sjúkdóma o.fl. (og fleira) sem eiga við báða þætti.

15.1 Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand vátryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem vátryggingin nær til.

15.2 Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfu, lömun, bæklun, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Þá bætir félagið ekki tjón af völdum sýkingar af skordýrsbiti eða -stungu.

15.3 Hafi ástæður sem greinir í 2. mgr. verið þess meðvaldandi að vátryggður missir starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.

15.4 Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirtalinnna sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjós-kloss, þursabits (lumbago ischias), liðagigtar, slitgigtar eða hvers konar annarra gigtarsjúkdóma.

15.5 Vátryggingin bætir ekki slys vegna eittraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er.

#### 16. Aldurstakmörk.

16.1 Þegar vátryggður verður 67 ára fellur vátryggingin úr gildi við lok vátryggingarársins. Þó má semja um það sérstaklega að vátryggingin gildi allt til loka þess vátryggingarárs sem vátryggður nær 75 ára aldri.

16.2 Félagið vátryggir ekki börn yngri en 16 ára gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

#### 17. Atvinnuslysatrygging.

17.1 Atvinnuslysatrygging þessi nær til slysa sem vátryggður verður fyrir í launaðri vinnu, svo og á beinni leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Hún nær einnig til slysa við arðbær störf í eigin þágu sem atvinnuslysaáætla fylgir.

17.2 Nema þess sé getið sérstaklega í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun nær vátryggingin ekki til:

a. slysa af völdum vélknúinna ökutækja sem skráningarskyld eru á Íslandi né slysa af völdum vélknúinna ökutækja sem skráð eru erlendis þar sem lögboðið er að vátryggja ökutæki vegna slíkra slysa,

b. slysa sem verða í flugi nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

#### 18. Frítímaslysatrygging.

18.1 Frítímaslysatrygging þessi nær til slysa sem hinn vátryggði verður fyrir í frítíma, þ.m.t. slysa er verða við almennar íþróttaiðkanir, sbr. þó c. og d. liði 2. mgr., en undanskilur slys sem atvinnuslysatrygging skv. 17. gr. tekur til.

18.2 Nema þess sé getið sérstaklega í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun nær vátryggingin ekki til:

a. slysa af völdum vélknúinna ökutækja sem skráningarskyld eru á Íslandi né slysa af völdum vélknúinna ökutækja sem skráð eru erlendis þar sem lögboðið er að vátryggja ökutæki vegna slíkra slysa,

b. slysa sem verða í flugi nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda,

c. slysa sem verða í fjallaklifri, ísklifri, bjargsigi, frokkköfun, hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, hvers konar svif- og drekaflugi, fallhlífarstökki og teygjustökki,

d. slysa sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.

# 302 Slysa- og sjúkratrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 19. Dánarbætur.

- 19.1 Valdi slys dauða váttryggðs innan eins árs frá slysdegi, greiðist upphæð sú sem var í gildi á slysdegi, sbr. 10. og 11. gr., að frádregnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.
- 19.2 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr.

### 20. Bætur fyrir varanlegt líkamstjón - örorkubætur.

- 20.1 Valdi slys váttryggðum varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi, sbr. 10. og 11. gr.
- 20.2 Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
- 20.3 Vegna 100% örorku greiðist öll váttryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega.
- 20.4 Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgja eftirfarandi reglum:
- Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
  - Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji sá sem matið framkvæmir að ekki sé tímabært að leggja endanlegt mat á afleiðingar slyssins skal endanlegu örorkumati frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Sé augljóst að hinn slasaði muni búa við varanlegar afleiðingar vegna slyssins skal þó til bráðabirgða meta hver sú örorka verði að lágmarki.
  - Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækni meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
  - Ef hinn slasaði deyr eftir að meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati sbr. b) lið.
  - Ef slys veldur einungis lýti greiðast engar bætur.

### 21. Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku – dagpeningar.

- 21.1 Valdi slys tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdegi og síðan á hverjum tíma meðan starfsorkumissirinn varir, sbr. 10. og 11. gr.
- 21.2 Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma sem tilgreindur er í skírteininu og þar til slasaði hefur endurheimt starfsorku sína, þó eigi lengur en í þann hámarksbótatíma sem skírteinið tilgreinir. Með biðtíma er átt við það tímabil sem samkvæmt váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá upphafi óvinnufærni áður en dagpeningagreiðslur hefjast.
- 21.3 Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar. Starfsorkumissinn og tímalengd hans skal ákveða á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 21.4 Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.
- 21.5 Þegar váttrygging er tekin ber að miða fjárhæð dagpeninga við þann tekjumissi er váttryggður mundi verða fyrir vegna slyss. Til tekna teljast í þessu sambandi hverjar þær bætur og greiðslur er váttryggður á rétt til annars staðar frá á bótatímabilinu. Bætur fyrir tímabundinn starfsorkumissi greiðast eigi fyrir tímabil að lokum þremur árum frá upphafi biðtíma.

### 22. Bætur vegna tannbrots.

- 22.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af váttryggingarfjárhæð örorkubóta vegna hvers slyss og samanlagðar

## 302 Slysa- og sjúkratrygging

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

greiðslur vegna slysa á einu váttryggingarári við 7,5% af sömu upphæð.

- 22.2 Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem ber að höndum þegar váttryggður matast. Þá bætist ekki tjón svo sem vegna brota á tönnum við vinnuslys eða vegna annarra atvika að því marki sem það bætist af opinberum tryggingastofnunum samkvæmt lögum um almannatryggingar og reglugerðum um þátttöku hins opinbera í kostnaði við tannlækningar.

### II. KAFLI – SJÚKRAVERND

#### 23. Váttryggingarsvið.

- 23.1 Félagið greiðir bætur við starfsorkumissi af völdum sjúkdóms er váttryggður verður fyrir á annan hátt en við slys.
- 23.2 Sjúkratímabil er það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku er fyrir hendi af völdum sjúkdóms, hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar. Bætur fyrir tímabil, þegar um einangrun í sóttkví er að ræða, á heimili eða á sjúkrahúsi að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda, greiðast á sama hátt og við sjúkdóm.
- 23.3 Váttryggingin bætir ekki starfsorkumissi sem kona verður fyrir vegna meðgöngu, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla. Í slíkum tilfellum er biðtími dagpeninga eigi skemmri en einn mánuður.
- 23.4 Með biðtíma er átt við það sjúkratímabil sem samkvæmt skírteininu á að líða áður en bótagreiðslur hefjast.

#### 24. Undanskildar áhættur.

- 24.1 Váttryggingin nær ekki til:
- sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það,
  - sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni á tímabili þegar váttryggingin var úr gildi nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn þegar váttryggingin tók gildi að nýju,
  - versnandi heilsufars sem rekja má til þess tímabils er váttryggingin var úr gildi og félagið vissi ekki um þegar váttryggingin tók gildi að nýju,
  - sjúkdóms sem orsakast hefur af notkun áfengis eða ávana- og fíkniefna.

#### 25. Aldurstakmörk.

- 25.1 Þegar váttryggður verður 67 ára fellur váttryggingin úr gildi við lok váttryggingarársins.
- 25.2 Félagið váttryggir ekki börn yngri en 16 ára gegn tímabundnum missi starfsorku.

#### 26. Bætur fyrir varanlegt líkamstjón – örorkubætur.

- 26.1 Valdi sjúkdómur váttryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku (varanlegum miska), greiðast bætur á grundvelli þeirrar fjárhæðar sem í gildi var við upphaf sjúkratímabilsins, sbr. 10. og 11. gr.
- 26.2 Vegna algerrar örorku greiðist öll váttryggingarfjárhæðin en hlutfallslega við minni örorku. Ekki greiðast bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku ef hún er metin lægri en 25%.
- 26.3 Örorkubætur eru ekki greiddar ef sjúkratímabil hófst eftir að váttrygging féll úr gildi.
- 26.4 Við ákvörðun á varanlegri læknisfræðilegri örorku skal fylgt eftirfarandi reglum:
- Ekki skal taka tillit til starfs váttryggðs, sérstakra hæfileika hans né þjóðfélagsstöðu. Við matið skal að öðru leyti hafa til hliðsjónar miskatöflur örorkunefndar, sbr. 3. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, eða eftir atvikum aðrar sambærilegar viðurkenndar töflur um miskastig.
  - Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir upphaf bótaskylds sjúkratímabils og eigi síðar en þegar greiðslum dagpeninga lýkur, sbr. 27. gr., með hliðsjón af ástandi hins sjúka þá. Telji sá sem matið framkvæmir að ekki sé tímabært að leggja endanlegt mat á afleiðingar sjúkdóms skal endanlegu örorkumati frestað, þó eigi lengur en þrjú ár frá upphafi seinasta sjúkratímabils. Sé augljóst að hinn sjúki muni búa við 25% læknisfræðilega örorku eða meiri vegna sjúkdómsins skal þó til bráðabirgða meta hver sú örorka verði að lágmarki.
  - Þótt gera megí ráð fyrir að ástand hins sjúka kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma

## 302 Slysa- og sjúkratrygging

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir upphaf seinasta sjúkratímabils og ber þá að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins sjúka megi bæta með lækni meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð eða þjálfun kynni að hafa í för með sér.

#### 27. Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku – dagpeningar.

- 27.1 Valdi sjúkdómur váttryggðum tímabundnum missi starfsorku, er nemur 50% eða meira, greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru við upphaf sjúkratímabilsins og síðan á hverjum tíma meðan starfsorkumissirinn varir, sbr. 10. og 11. gr., að loknum þeim biðtíma sem tilgreindur er í skírteininu.
- 27.2 Við 100% starfsorkumissi greiðast dagpeningar að fullu en við minni starfsorkumissi, 50% eða meiri, sami hundradshluti af þeim og starfsorkumissirinn er metinn. Starfsorkumissinn og tímalengd hans skal ákveða á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 27.3 Bætur fyrir sama sjúkdóm eða sama sjúkdómstílfelli greiðast eigi lengur samanlagt en í það tímabil sem skírteinið kveður á um. Sama gildir um sjúkdóma þar sem læknisfræðileg tengsl eru á milli.
- 27.4 Þegar skemmra er á milli sjúkdómstílfella en sem nemur tímabili er að lengd jafngildir því hámarki bótatíma sem skírteinið tilgreinir gildir sú regla að sjúkratímabilin eru lögð saman og bætur eru ekki greiddar lengur samanlagt en í þann bótatíma sem kveðið er á um í skírteininu. Þegar nýtt sjúkratímabil hefst innan tólf mánaða frá því að sjúkratímabili lauk styttest biðtíminn um samanlagða lengd sjúkratímabila sem voru lengri en 7 dagar og féllu í heild eða að hluta innan þessara tólf mánaða. Fyrir hið nýja sjúkratímabil gildir þó minnst 7 daga biðtími sé ekki missir starfsorku augljóslega bein afleiðing af fyrri sjúkdómi.
- 27.5 Þegar váttrygging er tekin ber að miða fjárhæð dagpeninga við þann tekjumissi er váttryggður mundi verða fyrir vegna sjúkdóms. Til tekna teljast í þessu sambandi hverjar þær bætur og greiðslur er váttryggður á rétt á annars staðar frá á bótatímabilinu.
- 27.6 Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.
- 27.7 Bætur eru ekki greiddar fyrir sjúkratímabil sem hófst eftir að váttryggingin féll úr gildi.

### III. REKSTARSTÖÐVUNARTRYGGING VEGNA SLYSA EÐA SJÚKDÓMA

#### 28. Váttryggður.

- 28.1 Váttryggingartaki er váttryggður.
- 28.2 Í þessum kafla skilmálanna merkir orðasambandið „sá sem váttryggingin tekur til“ þann sem er váttryggður skv. I. og II. kafla skilmálanna.

#### 29. Váttryggingarsvið.

- 29.1 Félagið greiðir bætur ef stöðvun verður á rekstri váttryggðs vegna slyss eða sjúkdóms sem sá sem váttryggingin tekur til verður fyrir. Slysið eða sjúkdómurinn verður að valda því að hann verði með öllu óvinnufær og hafa í för með sér algera fjarvist hans af vinnustað á bótatímabilinu. Fyrir verður að liggja vottorð læknis um óvinnufærni.
- 29.2 Það er skilyrði fyrir bótum úr rekstrarstöðvunartryggingu þessari að váttryggingaratburður sé einnig bótaskyldur skv. I. eða II. hluta váttryggingarinnar.

#### 30. Bótafjárhæð og ákvörðun hennar.

- 30.1 Við töku váttryggingarinnar skulu váttryggingartaki og félagið koma sér saman um þá fjárhæð sem félagið greiðir þegar váttryggingaratburður verður. Skal fjárhæðin taka mið af eftirtöldum þáttum:
- vinnulaunum, annarra en þess sem váttryggingin tekur til, sem váttryggðum ber að greiða á bótatímabilinu samkvæmt gildandi kjarasamningum þrátt fyrir stöðvun á rekstrinum,
  - föstum kostnaðarliðum sem ekki falla niður þótt starfsemin stöðvist og fram koma í váttryggingarbeiðni.
- 30.2 Félagið getur krafist þess við ákvörðun bótafjárhæðarinnar að váttryggingartaki láti því í té öll nauðsynleg gögn til að staðreyna hver fjárhæðin skuli vera, svo sem skattuppgjör, rekstraruppgjör, bókhaldsgögn og

## 302 Slysa- og sjúkratrygging

### VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

hvers konar samninga sem skuldbinda vátryggingartaka.

- 30.3 Verði breytingar á rekstri sem hafa í för með sér að bótafjárhæðin lækkar frá því sem hún var ákveðin skv. 1. mgr., skal vátryggingartaki þegar í stað tilkynna það til félagsins. Skal bótafjárhæðin þá leiðrétt að teknu tilliti til hinna breyttu aðstæðna jafnframt því sem iðgjaldið skal breytast hlutfallslega frá þeim tíma sem breytingin tók gildi.

#### 31. Bótauppgjör.

- 31.1 Þegar vátryggingaratburður hefur orðið greiðir félagið á bótatímabilinu, sbr. 33. gr., þá bótafjárhæð sem ákveðin er skv. 30. gr. og tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

#### 32. Skyldur vátryggðs þegar tjón verður.

- 32.1 Vátryggðum ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af völdum rekstrarstöðvunar.

#### 33. Bótatímabil.

- 33.1 Nú verður sá sem vátryggingin tekur til óvinnufær með öllu og greiðast þá bætur vegna tjóns sem verður að loknum þeim biðtíma sem tilgreindur er í vátryggingaskírteini þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun að frádregnum biðtímanum. Verði vátryggingaratburður sökum þess að sá sem vátryggingin tekur til andast, greiðast bætur þó aldrei lengur en í þrjá mánuði frá lokum biðtíma.

### IV. STAÐGENGILSTRYGGING VEGNA SLYSA EÐA SJÚKDÓMA

#### 34. Vátryggður.

- 34.1 Vátryggingartaki er vátryggður.  
34.2 Í þessum kafla skilmálanna merkir orðasambandið „sá sem vátryggingin tekur til“ þann sem er vátryggður skv. I. og II. kafla skilmálanna.

#### 35. Vátryggingarsvið.

- 35.1 Félagið greiðir sannanleg aukin útgjöld vátryggðs vegna launa við andlát eða tímabundin forföll þess sem vátryggingin tekur til vegna slyss eða sjúkdóms. Slysið eða sjúkdómurinn verður að valda því að hann verði með öllu óvinnufær og hafa í för með sér algera fjarvist hans af vinnustað á bótatímabilinu. Fyrir verður að liggja vottorð læknis um óvinnufærni.  
35.2 Það er skilyrði fyrir bótum úr staðgengilstryggingu þessari að vátryggingaratburður sé einnig bótaskyldur skv. I. eða II. hluta vátryggingarinnar.

#### 36. Bótauppgjör.

- 36.1 Þegar bótaskyld tjón verður skal vátryggður láta félaginu í té öll gögn sem nauðsynleg eru til að sannreyna bótakröfu.  
36.2 Bætur vegna forfalla eru reiknaðar hlutfallslega eftir því hvað bótaskyld forföll vara lengi. Vátryggingarfjárhæð er tilgreind í vátryggingarskírteini.

#### 37. Skyldur vátryggðs þegar tjón verður.

- 37.1 Vátryggðum ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir eða draga úr tjóninu.

#### 38. Bótatímabil.

- 38.1 Nú verður sá sem vátryggingin tekur til óvinnufær með öllu og greiðast þá bætur vegna tjóns sem verður að loknum þeim biðtíma sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun að





# 302 Slysa- og sjúkratrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

frádregnum biðtímanum. Verði váttryggingaratburður sökum þess að sá sem váttryggingin tekur til andast, greiðast bætur þó aldrei lengur en í þrjá mánuði frá lokum biðtíma.

### Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppfléttingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessi gilda frá 15. janúar 2019